

Breytingar á samþykktum LSR 2026

Þann 25. mars 2026 gerði stjórn LSR breytingar á samþykktum sjóðsins sem voru staðfestar af fjármálaráðuneytinu 12. maí 2026. Breytingarnar voru eftirfarandi:

Annars vegar voru gerðar breytingar á aðferðafræði við ákvörðun svokallaðs lífeyrisaukaiðgjalds. Lífeyrisaukaiðgjaldið kemur til vegna breytinga á réttindaávinnslu árið 2017 þegar ávinnslu var breytt úr jafnri í aldurstengda ávinnslu og er gjaldið innheimt af launagreiðendum sem eru ekki fjármagnaðir að meirihluta af opinberu fé. Iðgjaldið er greitt beint til ríkissjóðs sem endurgreiðsla þar sem ríkið lagði til fjármuni inn í LSR vegna breytinganna og hefur því ekki nein áhrif á stöðu lífeyrisaukasjóðs eða A-deildar.

Með nýrri aðferðafræði við ákvörðun iðgjaldsins er reiknað hver viðbót við greitt iðgjald yfir árið hefði þurft að vera til að jafnast á við lífeyrisauka ársins.

Hins vegar voru gerðar breytingar til að samræma verklag við örorkulífeyri við aðra lífeyrissjóði. Þær voru eftirfarandi:

- Metin sé hæfni til að gegna fyrra starfi í 3 ár í stað núverandi 5 ára. Eftir 3 ár er metin hæfni til að gegna almennum störfum.
- Örorka vari í að minnsta kosti 6 mánuði í stað 3.
- Ekki greitt fyrstu 3 mánuði eftir orkutap samhliða launagreiðslum.

Samþykktir LSR má finna á [vef sjóðsins](#).